

Leiðsögn – Félag leiðsögumanna

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar haldinn 10.04.2024 kl. 18.00 í Húsi fagfélaganna, Stórhöfða. Fundurinn er einnig fjarfundur.

Fundinn sátu: Halldór Kolbeins (HK) formaður, Hildur Þöll Ágústsdóttir (HPÁ), Jens Ruminy (JR), Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), Björn Júlíus Grímsson (BJG), Daði Hrólfsón (DH), Daníel Perez (DP).

Fjarverandi: Guðbjörn Guðbjörnsson, Óskar Grímur Kristjánsson.

Dagskrá fundar

1. Skipan í embætti stjórnar
2. Skipan í stjórnir sjóða og nefnda
3. Önnur mál

1. Skipan í embætti stjórnar ,

HPÁ varaformaður, JR gjaldkeri, GME ritari, BJG meðstjórnandi. Samþykkt.

2. Skipan í stjórnir sjóða og nefnda

Endurmenntunarsjóður: M/vísan í reglugerð endurmenntunarsjóðs þá eru fulltrúar skipaðir í eitt ár. GME og JR tilnefnd í stjórn. Samþykkt .

Fræðslunefnd: M/vísan í 18. gr. laga félagsins er fulltrúi stjórnar skipaður í eitt ár. BJG tilnefndur. Samþykkt.

Fagráð: Ekki náðist niðurstaða og ákveðið að biðja með skipan fulltrúa þar til á næsta fundi .

Upplýsinganefnd: Skipan fulltrúa biður næsta fundar

3. Önnur mál

a) Fjölgun fulltrúa í viðræðu-/kjaranefnd.

HK lagði til að tveimur úr Félagi Fjallaleiðsögumanna yrði bætt við. Nefndir voru Ágúst Atli Atlason og Haraldur Þorvaldsson.

Einnig að tveimur frá Félagi Ökuleiðsögumanna yrði bætt við. Nefndir voru Óskar Grímur Kristjánsson og Gunnar Ólason. BJG spyr hvort fulltrúar Fjallaleiðsögumanna séu í Leiðsögn, HK sagði svo ekki vera. HK leggur einnig til að Guðbirni Guðbjörnssyni verði bætt við nefndina.

Málinu vísað til trúnaðarráðs með vísan í lög Leiðsagnar um að trúnaðarráð sé ábyrgt fyrir skipan fulltrúa í kjara/viðræðunefnd.

HK áréttar að fulltrúar kjara/viðræðunefndar hafa fengið greitt fyrir setu á samningafundum við SA og SAF og ber upp tillögu um að 8 klst. dagvinnulaun, eða um um 23.000 kr, skuli greidd til þeirra sem sitja samningafundi við SA/SAF. Frá Leiðsögn færu 6 aðilar. Umræða skapaðist um málið og GME spurði um væntanlegan kostnað vegna þessa. HK taldi að hann yrði ca 1.000.000 til 2.000.000 kr. JR spyr hvort félagssjóður geti staðið undir þessum kostnaði. GME, fyrrum gjaldkeri, taldi að svo væri ekki. HK nefndi þann möguleika á að fá lán úr sjúkrasjóði til félagssjóð, fordæmi sé fyrir því frá Covid tímanum.

Tillagan samþykkt af öllum utan GME. Skipan í samninganefnd vísað til trúnaðarráðs.

b) Kjarabrotamál.

Ræddur var sá möguleiki að senda eldri brotamál til kjaradeildar VR. GME spurði um kostnaðinn vegna þessa en hann er ekki ljós. Umræða skapaðist um málið og að vita þyrfti um kostnaðinn áður en ákvörðun er tekin. Leiðsögn hefur ekki getað tekið á þeim fjölda kjarabrotamála vegna kostnaðar, s.s. lögfræðikostnaðar. HK nefndi þann möguleika hægt væri að spara starfsmannakostnað ef kjarabrotamál færu alfarið yfir til VR, hugsanlega með því að lækka starfshlutfall starfsmanns. GME nefndi að kjarabrotamál hefðu ekki verið stór hluti af starfi starfsmannsins.

Fundi slitið kl. 19:30.